



AÐALSKIPULAG DJÚPAVOGSHREPPS 2008-2020

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI – NÝ VEGTENING OG FRÁVEITUMANNVIRKI FYRIR
ÞÉTTBÝLIÐ

Skipulags- og matslýsing

29.12.2021





HÖFUNDUR	RÝNT	DAGS.	VERKNR.
AKS	HB/SJ	29.12.21	8776-004-04

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulags- og matslýsing	4
2	FORSENDUR	4
2.1	Skipulagssvæðið og staðhættir	5
2.1.1	Ný vegtenging	5
2.1.2	Ný fráveitumannvirki	6
2.1.3	Menningarminjar	6
2.2	Tengsl við aðrar áætlanir	7
2.2.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	7
2.2.2	Svæðisskipulag	7
2.2.3	Strandsvæðisskipulag	7
2.2.4	Verndarsvæði í byggð	8
2.2.5	Deiliskipulag	8
2.2.6	Cittaslow	8
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	9
4	UMHVERFISÁHRIF - MATSLÝSING	10
4.1	Umhverfismat áætlana	10
4.2	Tengsl við aðrar áætlanir	10
4.3	Mat á áhrifum á umhverfið	11
4.4	Valkostir	11
4.5	Umhverfispættir og áherslur	12
5	KYNNING OG SAMRÁÐ	13

1 INNGANGUR

Uppbygging atvinnustarfsemi, einkum í tengslum við fiskeldi og sjávarútveg á Djúpavogi hefur verið hröð síðust misseri og eru áform um áframhaldandi uppbyggingu. Samhliða þessari þróuneykst þörf á styrkinguinnviða og áformar sveitarfélagið Múlaþing að breyta Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 til þess að koma til móts við þessar þarfir. Í breytingunni er gert ráð fyrir stækkun á athafnasvæðinu við Innri-Gleðivík, nýrri vegtengingu frá Þjóðvegi 1 að athafna- og iðnaðarsvæðinu við Innri – Gleðivík, nýjum fráveitumannvirkjum frá Innri – Gleðivík, Ytri – Gleðivík og Djúpavogi þvert yfir Langatanga og út í sjó við Bóndavörðumöl.

1.1 Skipulags- og matslýsing

Hér er sett fram skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020, skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 .

Tilgangur með gerð lýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu, fyrirhugað skipulagsferli og hvernig staðið verði að umhverfismati.

Lýsingin verður afgreidd af sveitarstjórn áður en hún verður kynnt íbúum með auglýsingu og á heimasíðu sveitarfélagsins. Samhliða verður hún send Skipulagsstofnun og öðrum aðilum til umsagnar.

2 FORSENDUR

Með aðalskipulagsbreytingunni er sveitarfélagið að bregðast við aukinni þörf á uppbyggingu samgöngu- og veitumannvirkja, og ákalli um aukið framboð á lóðum fyrir atvinnustarfsemi. Stefnt er að því að auka umferðaröryggi innan þéttbýlisins með því að gera ráð fyrir nýrri stofnvegatengingu að framtíðar atvinnu- og hafnarsvæði við Innri Gleðivík, frá Þjóðvegi 1. Ný vegtenging býr til beina tengingu við Þjóðveginn fyrir stór ökutæki að athafna- og hafnarsvæði við Innri Gleðivík og beinir þeirri umferð frá íbúabyggð (sjá mynd 1). Breytingin stuðlar að auknu öryggi og aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda innan svæðisins og raunar alls þéttbýlisins. Um leið er áformað að gera breytingar á afmörkun á athafna- og hafnarsvæðinu við Innri Gleðivík til að bregðast við eftirspurn eftir lóðum.



Mynd 1: Fyrstu drög af nýrri veltengingu við þéttbýlið. Nýir vegir eru sýndir með bláum línun.

Til stendur að fara í framkvæmdir við hreinsivirki, lagningu nýrra fráveitulagna og gerðar nýrrar útrásar til að bæta meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúabyggð og atvinnustarfsemi (sjá mynd 2). Við framkvæmdirnar verður haft að leiðarljósi að taka tillit til staðhátta, lágmarka sjónræn (neikvæð) áhrif, og að umhverfisfrágangur og ásýnd verði til fyrirmyndar.



Mynd 2. Fyrstu drög af nýjum fráveitumannvirkjum. Fráveitulagnir eru sýndar með rauðum línun og staðsetning skólphreinsistöðvar með gulum punkti.

2.1 Skipulagssvæðið og staðhættir

2.1.1 Ný veltenging

Núverandi veltenging við þéttbýlið er um Djúpavogsveg nr. 98 (þjóðvegur) sem liggur frá Austurlandsvegi (suðvestan við byggðina), fram hjá Borgarlandi, niður Búland og Mörk og endar við hafnarsvæðið í Gleðivík. Samtals 2,49 km langur stofnvegur. Annað vegakerfi þéttbýlisins er skilgreint sem aðrir vegir í aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020.

Svæði fyrir nýja veltengingu liggur frá Þjóðvegi 1, norðan við Rakkaberg, norðvestur af þéttbýlinu, gengum athafnar- og hafnarsvæði og niður að Innri – Gleðivík. Svæðið er á láglandi og einkennist af

klapparhryggjum og grónum svæðum inn á milli. Helstu vistgerðir eru gras-, vot-, mó- og moslendi. Ástand vistkerfisins er spillt vistkerfi og ummerki eru um jarðvegsrof.

2.1.2 Ný fráveitumannvirki

Núverandi fráveitukerfi í eigu sveitarfélagsins er á Djúpavogi sem tekur við frárennsli (skólpi og regnvatni) frá heimilum og atvinnustarfsemi í þéttbýlinu. Fráveita er annarsvegar leidd í rotþrær og hins vegar út í sjó við Djúpavog, Ytri Gleðivík og Innri Gleðivík. Útrásir út í sjó eru a.m.k. 8 talsins frá íbúabyggð og atvinnustarfsemi á Djúpavogi¹. Árið 2014 var losun lífrænna efna frá þéttbýlinu við Djúpavog 400 persónueiningar og engin hreinsun var á skólpi sem leidd var út í sjó². Horft hefur verið til þess að strandsjór í og við Djúpavog sé síður viðkvæmur viðtakandi en ekki er vitað til þess að það sé búið að skilgreina hann samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólpi (798/1999).

Svæðið sem breytingin nær til, vegna fyrirhugaðrar framkvæmda við ný fráveitumannvirki, er frá enda Vogalands og Brandsvík, þvert yfir Langatanga og út í sjó við Selhjalla. Þar sem gert er ráð fyrir nýrri fráveitulögn, skólphreinsivirki og útrás. Með lögn á nýju sniðræsi er gert ráð fyrir að eldri útrásir við Innri og Ytri – Gleðivík og Djúpavog verði aflagðar. Sniðræsi og aðrar breytingar á fráveitu eru í eða við götur og gangstéttir innan þéttbýlisins, ásamt lagnaleiðum í sjó sem ekki eru skilgreindar á Aðalskipulagi Djúpavogs 2008-2020. Svæðið sem breytingin nær til er láglandi sem einkennist af klapparhryggjum og grónum svæðum inn á milli. Helstu vistgerðir eru gras-, vot-, mó- og moslendi.

2.1.3 Menningarminjar

Aðalskráning fornleifa í þéttbýlinu á Djúpavogi var lokið árið 2018³ og aðalskráningu í landi Búlandsness utan þéttbýlisins lokið árið 2020⁴. Í skipulagsbreytingunni verða gefnar upplýsingar um hvort skráðar fornleifar eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði vegna vegar, fráveitu eða vegna breytinga á athafnar- og hafnarsvæðum.

¹ Valgeir Kjartansson (2021). *Fráveita Djúpavogi. Fækkun útrása – framtíðarsýn*. Mannvit.

² Umhverfisstofnun (2017). Samantekt um stöðu fráveitumála á Íslandi árið 2014 (3. Útgáfa).

³ Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). (2018). *Aðalskráning fornleifa á Djúpavogi: Þéttbýli*. Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands SES

⁴ Kristborg Þórisdóttir (ritstj.). (2020). *Fornleifaskráning í landi Búlandsness utan þéttbýlisins á Djúpavogi*. Reykjavík. Fornleifastofnun Íslands.

2.2 Tengsl við aðrar áætlanir

2.2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Væntanleg breyting á aðalskipulagi er í samræmi við Landsskipulagsstefnu og tekur mið af eftirfarandi markmiðum:

- Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi.
- Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúruferi eða menningu.

2.2.2 Svæðisskipulag

Ekkert svæðisskipulag er í gildi á svæðinu en sveitarfélögin fjögur á Austurlandi eru að vinna svæðisskipulag þar sem fram kemur sameiginleg stefna sveitarfélaganna í umhverfis- og byggðamálum. Unnin hefur verið verkefnalýsing þar sem fram koma áherslur við skipulagsgerðina, forsendur og fyrirliggjandi stefna ásamt því hvernig samráði og kynningu verð háttað.⁵

2.2.3 Strandsvæðisskipulag

Við vinnslu aðalskipulagsbreytingarinnar verður höfð hliðsjón af vinnu sem er í gangi um strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði, sem mun taka til fjarða og flóa úti fyrir ströndum Austfjarða. Strandsvæðaskipulaginu er ætlað að veita heildarsýn á málefni hafsins þar sem viðhaldið verði heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins. Einnig að tekið verði tillit til mismunandi hagsmunum, samþættingu nýtingar og verndar við ströndina. Komin er út greining á forsendum fyrir gerð strandsvæðisskipulagsins.⁶

⁵ SSA (á.á). *Verkefnalýsing Svæðisskipulags Austurlands*. Sótt þann 17/12/21 á vef: austurland.is

⁶ Skipulagsstofnun (2021). *Samfélag, nýting, náttúra*. Greining á forsendum fyrir gerð strandsvæðisskipulags. Austfirðir – Strandsvæðisskipulag.

2.2.4 Verndarsvæði í byggð⁷



Mynd 3: Afmörkun verndarsvæðis í byggð.

Í gildi eru skilmálar fyrir verndarsvæðið við vögin sem gera ráð fyrir samþættri verndun þ.e. verndun menningarsögulegrar byggðar haldist í hendur við breytingar innan verndarsvæðis og takið mið að því að styrkja varðveislugildi einstakra þátta byggðar (sjá mynd 3). Skilmálum má í grófum dráttum skipta í tvennt. Annars vegar skilmálar sem taka til þess sem nú þegar á svæðinu þ.e. hús, mannvirki, umhverfi og almannarými. Síðan hins vegar nýrrar uppbyggingar innan svæðisins⁸. Þar sem gert er ráð fyrir að allar framkvæmdir við fráveitu innan verndarsvæðisins í byggð verði í eða við götur og gangstéttir, verður fjallað um áhrif þess í skipulagsbreytingunni ef þurfa þykir.

2.2.5 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi á því svæði sem nýr vegtenging við þjóðveg 1 nær til. Ný fráveitulögn mun liggja í gegn um bæinn og fer um útjaðar deiliskipulags fyrir Markarland 10-16⁹. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir lagnaleiðum í götum og gangstéttum og tengingum við helstu stofnlagnir.

2.2.6 Cittaslow

Djúpvogur varð aðili að Cittaslow- hreyfingunni árið 2013 þar sem markmiðið er að hefja náttúru og staðbundna menningu til vegs og virðingar um leið og íbúum og gestum eru skapaðir möguleikar á dvöl í hreinu, öruggu og uppbyggilegu umhverfi.


⁷ Gunnlaugur Haraldsson, Páll Jakob Líndal, Dagur Eggertsson og Andrés Skúlason (2017). *Djúpvogur, Verndarsvæðið við vögin. Tillaga og greinargerð*. TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur.

⁸ TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur (á.á.). *Djúpvogur, Verndarsvæðið við vögin. Skilmálar um verndun og uppbyggingu*.


⁹ Skipulagsstofnun (á.á.). *Skipulagsvefsjá*.

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020 var samþykkt í febrúar 2010. Fyrirhuguð breyting nær til bæði þéttbýlis- og sveitarfélagsuppdráttar, ásamt greinargerðar. Breytingin er annars vegar vegna nýrrar veltengingar ásamt breytinga á athafnar- og hafnarsvæðum (sjá mynd 4). Síðan hinsvegar vegna nýrra fráveitumannvirkja (mynd 5).



Mynd 4: Hluti af Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020. Svæðið sem breytingum tekur er innan gula hringsins. Mynd til vinstri sýnir þéttbýlisuppdrátt og mynd til hægri sýnir sveitarfélagsuppdrátt.



Mynd 5: Hluti af Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020. Svæðið sem breytingum tekur er innan gula hringsins. Efri myndin sýnir þéttbýlisuppdrátt og neðri mynd sýnir sveitarfélagsuppdrátt.

Helstu landnotkunar flokkar sem breytingin hefur áhrif á eru óbyggð svæði í þéttbýli og dreifbýli, athafnarsvæði, hafnarsvæði og hverfisverndarsvæði. Hér fyrir neðan er fjallað um helstu breytingar á Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020.

Þéttbýlisuppráttur

- Bætt verður inn nýjum stofnvegi frá Þjóðvegi 1 og núverandi stofnvegur verður endurskilgreindur. Landnotkunarflokkurinn óbyggð svæði í þéttbýli mun skerðast.
- Núverandi útrásir við Innri- Gleðivík, Ytri – Gleðivík og Djúpavog verða felldar út.
- Athafna- og hafnarsvæði verða aðlöguð að nýrri veltengingu frá Þjóðvegi 1 og um leið verður athafnarsvæðið stækkað og hafnarsvæðið minnkað og landnotkun breytt úr hafnarsvæði í iðnaðarsvæði.

Sveitarfélagsuppráttur

- Bætt verður inn nýjum stofnvegi frá Þjóðvegi 1 og núverandi stofnvegur verður endurskilgreindur. Landnotkunarflokkurinn óbyggð svæði í dreifbýli mun skerðast.
- Bætt verður við svæði fyrir hreinsivirki á Langatanga og lagnaleið fráveitu þaðan og út í sjó. Sú breyting er innan hverfisverndarsvæðisins Búlandsnes og þarf að taka mið að því.

Greinagerð

- Bætt verður við umfjöllun um fráveitu og sagt frá því að stofnkerfi fráveitunnar verði endurnýjað með nýrri útrás við Selhjalla og um leið verði eldri útrásir teknar úr notkun. Sýnt verður þemakort sem sýnir áætlað stofnkerfi fráveitu eftir breytinguna.
- Bætt verður við umfjöllun um vegi og samgöngur til að gera grein fyrir breytingum á veltengingu við þéttbýlið frá Þjóðvegi 1.
- Breytingar verða gerðar á skilmálum um athafna- og hafnarsvæði við Innri Gleðivík sem þarf að breyta vegna veglínunnar sem fer þar um og breytingu á landnotkun úr hafnarsvæði í iðnaðarsvæði á reitnum við Bræðsluna.

4 UMHVERFISÁHRIF - MATSLÝSING

4.1 Umhverfismat áætlana

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulag er háð lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem hún markar stefnu sem varðar leyfisveitingar til framkvæmda við fráveitumannvirki á hverfisverndarsvæði, en skolphreinsivirki á verndarsvæðum eru tilkynningarskyld óháð afkastagetu, sbr. tölul. 11.05 og 1. mgr. 19 gr. laga nr. 111/2021.

4.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfisskýrslu fyrir breytingarnar verður gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla. 2.2.

4.3 Mat á áhrifum á umhverfið

Matsvinnan fer fram samhliða vinnu við skipulagsbreytingarnar og verður áherslan í matsvinnunni á áhrif framkvæmda vegna fráveitu á Langatanga. Með því er stuðlað að því að umhverfissjónarmið séu uppi við mótun tillögu að breyttu aðalskipulagi. Í skipulagsgerð er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti í skipulagsgerðinni. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist því til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið mun byggja á fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

4.4 Valkostir

Við mat á umhverfisáhrifum breytingar á aðalskipulagi verður gerður samanburður við núllkost, en í því fellst að meta áhrif þess að fara ekki í þær framkvæmdir sem breytingin felur í sér. Núllkosturinn felur í sér að ný fráveitumannvirki og ný vegtenging við þjóðveginn verði ekki gerð.

Ekki liggja fyrir aðrar tillögur að staðsetningum fyrir hreinsivirki og útrás frá því, en fjallað verður um aðra staðsetningarkosti ef þeir koma til á vinnslutíma skipulagsbreytingarinnar.

4.5 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem tilgreindir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfismatinu er að finna í töflu 1. Í umhverfisskýrslu fyrir breytinguna verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt sem eiga sér bakgrunn í stefnu Múlaþings ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Tafla 1: Umhverfisþættir og helstu matsspurningar. Lög og reglugerðir eru ekki talin upp sem viðmið þar sem stefnan skal taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem eru í gildi á hverjum tíma

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING
Ásýnd og landslag	Munu breytingin hafa áhrif á ásýnd svæða? Mun breytingin hafa sjónræn áhrif? Mun breytingin hafa áhrif á náttúrulegt landslagi?
Samfélag	Mun breytingin hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu? Mun breytingin stuðla að styrkingu byggðar? Mun breytingin hafa áhrif á aðgengi að útivistarsvæðum og náttúru?
Minjar og verndarsvæði	Mun breytingin hafa áhrif á fornminjar? Mun breytingin hafa áhrif á verndarsvæði?
Gróður og dýralíf	Mun breytingin hafa áhrif á gróður og dýralíf?
Heilsa og öryggi	Mun breytingin hafa áhrif á mengunarvalda?
Sjór og strandlína	Mun breytingin hafa áhrif á strandsvæði eða grunnsævi?

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulags- og matslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breytinganna (sjá töflu 2).

Skipulagslýsingin verður auglýst og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins www.mulathing.is og send Skipulagsstofnun til umsagnar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auk þess verður lýsingin send til umsagnaraðila.

Múlaping vill hvetja íbúa og aðra hagsmunaraðila að koma með ábendingar og senda þær á skipulagsfulltrui@mulathing.is á fyrstu stigum skipulagsvinnunnar.

Lýsingin verður send Skipulagsstofnun til umsagnar. Aðrir umsagnaraðilar eru:

- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- HEF veitur
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Nágrannasveitarfélög

Eftir atvikum verður óskað umsagna annarra aðila, m.a. nefnda innan stjórnarsýslu Múlapingis.

Breytingin og kynning á breyttu aðalskipulagi er unnin skv. 30. - 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og er áætlað ferli sem hér segir:

Tafla 2: Drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

Mánuður	Lýsing
Janúar 2022	Skipulagslýsing tekin fyrir í Umhverfis- og framkvæmdaráði og sveitarstjórn Múlapingis og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn ábendingum. Ábendingar verða hafðar til hliðsjónar við gerð tillögu að breyttu aðalskipulagi en verður ekki svarað með formlegum hætti.
Febrúar - mars 2022	Kynning á vinnslutillögu, drög að tillögu að aðalskipulagsbreytingu tekin til umfjöllunar í Umhverfis- og framkvæmdaráði og sveitarstjórn, send til umsagnar og kynnt almenningi
Mars - maí 2022	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu samþykkt til auglýsingar í umhverfis- og framkvæmdaráði og sveitarstjórn og send til umsagnaraðila. Gefinn verður sex vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Maí - júlí 2022	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu afgreidd í sveitarstjórn, að undangenginni umræðu umhverfis- og framkvæmdaráðs, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til, og send Skipulagsstofnun.
	Gildistaka aðalskipulagsbreytingar auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.